

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 2 4.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1924.

Skógarhögg:

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður	454 hestburðir	
Birgðir f. f. ári	83 "	537 hestb.
Flutt til Rvvík.	32 "	
Selt úr skóginum	54 "	
Til aggerðar á húsum	10 "	
Eldiv. skógarvarðar	168 "	
Leyft högg (eldiv.)	219 "	483 "
Fyrirliggjandi 31/12		<u>54 "</u>

Af viðarbirgðunum í árslok, eru 4 hestb. efniv. mest bogaeefni.

Græðireitur:

Afhent var úr eitnum:

Birki	647 stk.
Reynir	218 -
Lerki	2 -
Fjallafura	3 -
Samt.	<u>870 -</u>

Í græðireitnum voru umplantaðar 870 reyniplöntur og 100 útlendar plöntur, sem voru þó svo illa til reika, þegar þær komu, að litlar líkur voru til að þær fæsti rætur, enda kom það á daginn, að þær dóu nær allar í sumar. Fræ það sem sáð var á fyrra vor, reyndist algerlega ónýtt eins og ég bjóst við, hefir því sú sáning orðið árangusslaus.

Ýmislengt:

Á þessu ári hafa enn verið steiptir nokkrir girðingarstólpar og virðast þeir stólpar sem reyndir hafa verið, standa sig ágætlega.

Fræ þroskaðist ekki á skóginum á þessu sumri frekar en sumarið 1923.

Á þessu sumri fór ég um skóga í Kinn, Kelduhverfi, Axarfirði og Laxárdal. Meðal annars grenslaðist ég eftir hvort bændur, sem skóga eiga, vildu girða skóga sína, með það mark fyrir augum að hafa þá til beitar á sumrum. Undirtektir voru mjög daufar, og fráleitt að skógareigendur vilji leggja nokkuð til þeirra girðinga frá sjálgum sér, enda hagrar óviða svo til í þessum sveitum, að líklegt sé að þannig lagaðir beitaraskógar eigi mikla framtíð fyrir sér. Þar á móti virtust sumir hafa löngun til að fá skóga sína girta og alfríðaða.

Viða er all-ábótavant með grisjun skóga, einkum í Keldu- hverfi og Axarfirði, þó er líklega hvergi farið ver með skóg en á Skinnastöðum, er skógur þar rjóðurhöggvinn mjög, eins og ég gat um í skýrslu minni 1921 og hefir meðferðin víst ekki batnað síðan.

Ef föng væru til, ætti að afgífa og friða algerlega Lækj- ardalskinn og Gilsbakkakinn, hefi ég áður dregið á þetta, og þýðir því ekki að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um það mál. Lækj- ardalskinnina á ríkissjóður, en eigendur Gilsbakka vilja gjarnan friða sinn skóg, mætti þá girða báða skógana í sameiningu, enda er þetta í reun og veru einn skógur, þótt tveir séu eigendur.

Í öllum skógunum hér austur frá hefir mikið borið á kali síðustu árin, framfarir eru því víða litlar, og minni en búast hefði mátt við, en síðustu sumurinn hafa líka verið köld og vot og ekki svo hagfeld skógargróðrinum sem heitu og þurru sumurinn.

Þó er óhætt að fullyrða að skógarnir í Þingeyjarsýslu breiða sig út ár frá ári, og í mörgum þeirra er auðsæ framför síðustu árin, og þótt manni finnist framförin lítil ~~á~~ frá ári til árs, þá er hún samt auðsæ, þegar litið er yfir fleiri ára tíma.

Vöglum 15. jan. 1925.

Stefán Kristjánsson.